

## Fundargerð 26. aðalfundar KGSÍ haldinn 18. september 2021 á Hótel Laugarbakka í Miðfirði klukkan 9.00.

### Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
  2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ vegna áraanna 2019 og 2020.
  3. Endurskoðaðir reikningar KGSÍ fyrir árið 2019 og 2020 lagðir fram til umræðu og samþykktar.
  4. Kosning formanns KGSÍ.
  5. Kosning annarra stjórnarmanna.
  6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ.
  7. Magnús Gunnarsson formaður stjórnar Kirkjugarðs Hafnarfjarðar segir frá starfsemi kirkjugarðsins í tilefni af 100 ára afmæli hans.
  8. Smári Sigurðsson framkv.stj. Kirkjugarða Akureyrar segir frá hugmyndum um framtíðargrafit Akureyringa á Naustaborgum ofan við Akureyri.
- Matarhlé frá 12:00 til 13:15 á fundarstað.
9. Nokkur hagnýt ráð frá garðyrkjudeild KGRP. Kristján Linnet garðyrkjuverkstjóri fær frjálssar hendur.
  10. Karl Á. Sigurgeirsson fréttaritari segir frá héraðinu og fólkinu sem þar býr.
  11. Önnur mál.

<b>Fundarmenn</b>	
Albert Eymundsson	Höfn
Arnfinnur R. Einarsson	KGRP
Arnór Sigurðsson	Hafnarfjörður
Benedikt Björnsson	Húsavík
Birgir Jónsson	Hvammstangi
Birgir Þórðarson	Hveragerði
Björg Anna Kristinsdóttir	Garðabæ
Björg Bjarnadóttir	Höskuldarstaðarkirkjugarður
Björn Magnússon	Þingeyraklausturskirkjugarður
Bogi Benediktsson	Mosfell og Lágafell
Egill Heiðar Gíslason	KGRP
Emilía Guðrún Svavarsdóttir	KGRP
Gestur Hreinsson	KGRP
Gísli Jónasson	KGRP
Guðbjörg Arnórsdóttir	Hafnarfjörður
Guðmundur Búasaon	Selfoss
Guðmundur Rafn Sigurðsson	Kirkjugarðaráð
Guðný Hildur Kristinsdóttir	Útfararstofa Kirkjugarðanna
Gunnlaugur Harðarson	Hafnarfjörður
Halldór Kristinn Pedersen	Álftártungukirkjugarður

Hávarður Sigurjónsson	Blönduós
Helena Sif Þorgeirsdóttir	KGRP
Helga Halldórsdóttir	KGRP
Helga Kristinsdóttir	Húsavík
Helga Oddsdóttir	KGRP
Helga Soffía Konráðsdóttir	KGRP
Helgi Jens Hlíðdal	Hvolsvöllur
Hermann Björn Erlingsson	Hafnarfjörður
Ingibjörg Erlingsdóttir	Hvolsvöllur
Jakob B. Sigurðsson	Reykjanesbær
Jóanna H. Sigurðardóttir	KGRP
Jóhanna Arnórsdóttir	Hafnarfjörður
Jóhannes Pálmason	KGRP
Karl Sigurgeirsson	Hvammstanga
Kristján Guðjónsson	Akureyri
Kristján Guðmundsson	KGRP
Kristján Karl Linnet	KGRP
Magnús Gunnarsson	Hafnarfjörður
Margrét Guðjónsdóttir	KGRP
Reynir Sveinsson	Sandgerði
Sigríður Inga Magnúsdóttir	KGRP
Sigurður Kristjánsson	KGRP
Smári Sigurðsson	Akureyri
Stefán Ívar Hansen	Akureyri
Sveinn Valdimarsson	Reykjanesbær
Valdimar Guðmannsson	Blönduóskirkjugarður
Þorgrímur G. Jörgensson	KGRP
Þóroddur Steinn Skaptason	Hafnarfjörður
Þórsteinn Ragnarsson	KGRP
Þórunn Birna Björgvinsdóttir	Garðabæ
Örn Arnarson	Höfn

## Fundarsetning.

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ setti fund klukkan 9.19 og bauð fundarmenn velkomna á aðalfund KGSÍ á Hótel Laugarbakka í Miðfirði. Formaður kynnti dagskrá fundarins og sagði að það lægi fyrir fundinum að afgreiða tvö ár af skýrslum stjórnar og reikningum vegna Covid-19. Fram kom að það væru yfir 70 gestir á fundinum með mökum.

### 1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Stungið var upp á að Egill Heiðar Gíslason yrði fundarstjóri og Hermann Björn Erlingsson fundarritari og voru þeir samþykktir í þau störf.

### 2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ vegna áráanna 2019 og 2020.

Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ kynnti ársskýrslu stjórnar fyrir árin 2019 og 2020 sem dreift til fundarmanna og fór yfir efni þeirra og vakti athygli á nokkrum atriðum. Þórsteinn benti á að hægt sé að skoða ársskýrslurnar og reikningana á slóðinni: [Gardur.is](http://Gardur.is)

Árið 2019 var eðlilegt ár og vorið 2020 átti að halda aðalfund en það var ekki hægt vegna Covid 19 og var fundinum frestað nokkrum sinnum.

Rekstur KGSÍ hefur þann tilgang að efla samstarf þeirra 255 kirkjugarða sem eru í sambandinu. Brýnt er að menn snúi bökum saman og samræmi sinn málflutning en KGSÍ kemur fram fyrir garðana gagnvart stjórnvöldum.

Árið 2020 stóð upp úr lagabreytingin um greiðslur til presta og leiðtoga lífskoðunarfélaga sem stjórn KGSÍ hafði gert tillögu um. Þar bættist hagur kirkjugarða milli 80 og 90 m.kr., samt vantar stórlega upp á að fá fullt framlag frá ríkinu og leiðréttingu á skerðingunni. Þóknun til presta og forstöðumanna safnaða og lífskoðunarfélaga hefur frá árinu 1993 verið greidd af grafartekjum kirkjugarða en frá miðju ári 2020 hefur þessi þóknun verið greidd af dánarbúum en ekki kirkjugörðum. Frá árinu 2005 hefur KGSÍ séð um að reikna út og útdeila framlagi ríkisins til kirkjugarða og gerir enn. KGSÍ hefur einnig séð um innheimtu fyrir presta frá 2012 en eftir lagabreytingu hafa prestar séð um innheimtu þóknunar frá dánarbúum.

Vefkerfið [www.garður.is](http://www.garður.is) er stórt og mikið kerfi og gríðarlega mikið notað, til að mynda sem bókunarkerfi fyrir starfsmenn kirkjugarða og útfararstjóra og er mikil hagræðing að hafa kerfið miðlægt og rafrænt. Efla þarf notkun þess í stjórum sem smáum kirkjugörðum.

Eitt af fyrstu verkefnum KGSÍ var að halda námskeið fyrir stjórnir kirkjugarða en þeim þætti í starfsemi KGSÍ hefur ekki verið sinnt sem skyldi nú seinustu ár og þarf að bæta úr því og halda námskeið reglulega í prófastsdæmunum. Mikilvægt er að hafa fræðslu fyrir kirkjugarðastjórnir og það þyrfti að vera til handbók um starfsemi kirkjugarða til að kynna nýjum stjórnarmönnum í hverju starfið felist. Endurnýja þarf samning við kirkjugarðaráð til þriggja ára um verkefni sem KGSÍ hefur tekið að sér fyrir ráðið.

Formaður sagði að mikilvægt væri að huga að sameiningu kirkjugarðastjórna en góðan árangur má sjá í Eyjafirði eftir sameiningar þar sem skiluðu sér í bættri stjórnun og sparnaði í umhirðu garðanna. Líklega munu kirkjusóknir þurfa að sameinast áður en kirkjugarðastjórnir sameinist og það yrði verkefni nýrrar stjórnar að útskýra hagræðið við sameiningu stjórna kirkjugarða þar sem hver kirkjusókn ætti fulltrúa í hinni sameinuðu stjórn.

Fram kom hjá formanni að hann hætti störfum hjá KGRP í maílok 2022 og mun þá hætta sem formaður, verði hann kosinn á þessum fundi, en stjórnin bíður sig fram til næsta aðalfundur sem verður vorið 2022 í Reykjavík.

Norræna ráðstefnan NFKK sem halda átti í Finnlandi frestast til haustsins 2022 vegna Covid 19 og leggur stjórn fram tillögu til fundarins að Guðmundur Rafn Sigurðsson taki sæti aðalmanns í stjórn NFKK í stað Þórsteins og Smári Sigurðsson frá Akureyri taki sæti varamanns.

Formaður sagði að stjórn KGSÍ hefði ákveðið í samráði við bókara og endurskoðanda að millifæra 5 milljónir úr grafarsjóði til KGSÍ vegna reikninga frá Hugsmiðjunni sem eru í tengslum við hönnun bókunarkerfisins. Félagssjóður KGSÍ hafði greitt hluta af þessum reikningum, hugsanlega verður afgangurinn (svipuð upphæð) afskrifaður. Margrét Guðjónsdóttir kynnir það undir reikningum á fundinum. Formaður sagði að stjórn KGSÍ þurfi að standa vaktina þegar ný ríkisstjórn tekur við síðar haust og upplýsa ráðamenn um stöðu kirkjugarðanna.

Fundarstjóri þakkaði fyrir góða skýrslur og frestaði umræðum um skýrslurnar.

### 3. Endurskoðaðir reikningar KGSÍ fyrir árið 2019 og 2020 lagðir fram til umræðu og samþykktar.

Margrét Guðjónsdóttir frá KGRP fór yfir ársreikninga KGSÍ 2019

Margrét fór yfir helstu liði, rekstrartekjur, gjöld, efnahagsreikning, sjóðsstreymi.

Rekstrartekjur ársins námu	kr. 10.588.491.-
Rekstrargjöld voru	kr. 10.248.859.-
Tekjur umfram gjöld námu	kr. 339.632.-
Eftir fjármagnsliði er hagnaður ársins	kr. 346.818.-
Handbært fé í árslok	kr. 179.667.-
Eigið fé	kr. 13.909.428.-

Margrét Guðjónsdóttir frá KGRP fór yfir ársreikninga KGSÍ 2020

Margrét fór yfir helstu liði, rekstrartekjur, gjöld, efnahagsreikning, sjóðsstreymi.

Rekstrartekjur ársins námu	kr. 9.189.740.-
Rekstrargjöld voru	kr. 8.076.318.-
Tekjur umfram gjöld námu	kr. 1.118.362.-
Eftir fjármagnsliði er hagnaður ársins	kr. 283.254.-
Handbært fé í árslok	kr. 5.691.386.-
Eigið fé	kr. 15.027.790.-

Margrét sagði að viðskiptakröfur hjá KGSÍ á grafarsjóðinn væru komnar í 14 milljónir króna. Stjórn KGSÍ ákvað í samráði við bókara og endurskoðanda að millifæra 5 milljónir úr grafarsjóði til KGSÍ vegna kröfunnar, hugsanlega verður afgangurinn afskrifaður en það fer eftir stöðu grafarsjóðs um áramótin næstu. Ákveðið var að reikningsfæra betur hvað tekjur og gjöld tilheyra KGSÍ og hvað grafarsjóði.

Fundarstjóri þakkaði Margréti fyrir góðar útskýringar og gaf orðið laust fyrir fyrirspurnir um reikninga og skýrslur stjórnar

Arnór Sigurðsson Hafnarfirði Hvers vegna lækkun á rekstrartekjum milli árána 2019 og 2020. Margrét Guðjónsdóttir svaraði að styrkur lægri styrkur frá kirkjugarðaráði væri lægri 2020

Fundarstjóri bar skýrslur og reikninga upp til samþykktar, skýrsla stjórnar og reikningar 2019 samþykktir samhljóða og skýrsla stjórnar og reikningar 2020 samþykktir samhljóða

### 4. Kosning formanns KGSÍ.

Þórsteinn gaf kost á sér sem formaður KGSÍ og var hann einróma kjörinn formaður.

### 5. Kosning annarra stjórnarmanna.

Fundarstjóri sagði að stjórnarmenn gæfu kost á sér áfram til stjórnarsetu, Guðmundur Rafn Sigurðsson og Albert Eymundsson sem aðalmenn og Þórunn Ragnarsdóttir og Sveinn Valdimarsson sem varamenn. Hlutu þau einróma kosningu til stjórnar KGSÍ.

### 6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ

Skoðunarmenn voru endurkjörnir, þeir Þjóðbjörn Hannesson og Magnús Gunnarsson.

## **7. Magnús Gunnarsson formaður stjórnar Kirkjugarðs Hafnarfjarðar segir frá starfsemi kirkjugarðsins í tilefn af 100 ára afmæli hans.**

Magnús sagði frá starfsemi Hafnarfjarðarkirkjugarðs og sögu garðsins með myndasýningu en árið 2021 eru 100 frá stofnun garðsins. Stjórn kirkjugarðsins gaf út afmælisblað í mars sem dreift var í öll hús í Hafnarfirði. Í lok ágúst gaf kirkjugarðurinn út bók um garðinn þar sem saga og starfsemi er gerð skil. Fundarmenn fengu eintak af bókinni að gjöf frá kirkjugarðinum. Fundarstjóri fyrir hönd fundarmanna þakkaði fyrir gjöfina.

Helga Soffía Konráðsdóttir Reykjavík þakkaði fyrir frábært erindi, það væri einstaklega gott að koma í kirkjugarð Hafnarfjarðar fallett umhverfi og góð þjónusta, og það væri svo líka í öðrum görðum en hlutirnir eru ekki sjálfsgðir það er mikil vinna unnin við þjónustu garðanna. Mikil saga í kirkjugörðunum og mikilvægt að fólk viti af þessari þjónustu sem er ekki sjálfsgð.

## **8. Smári Sigurðsson framkv.stj. Kirkjugarða Akureyrar segir fráð hugmyndum um framtíðargrafreit Akureyringa á Naustaborgum ofan við Akureyri.**

Smári fór í gegnum hugmyndafræði sem hefur verið í vinnslu í nokkur ár hjá KGA um ný grafarsvæði á Naustaborgum ofan við Akureyri. Frá árinu 1998 hafa verið viðræður við Akureyrarbæ um framtíðarland fyrir nýjan garð og nú eru hugmyndir komnar af stað að staðsetja kirkjugarði í Naustaborgum sem er útivistarsvæði Akureyrar. Svæðið býður upp fjölbreytileika, það koma miklu fleiri lifandi en látnir í garðinn og skipulag umhverfisins verður þar fyrir lifandi fólk ekki síður en látið. Fengu fimm svæði úthlutað í Naustaborgum á aðalskipulagi bæjarins. Tengja á útivistarsvæðið við garðinn enda verða kirkjugarðar framtíðarinnar fyrir lifandi fólk og hluti af útivistarsvæði. Smári fór síðan yfir sögu garðanna í gegnum minningarmörkin hvað var vinsælast á hverjum tíma.

Helena Sif Þorgeirsdóttir Reykjavík. Má velja legstað í kirkjugörðum Hafnarfjarðar og Akureyrar? Fram kom í svari frá báðum görðunum að ekki sé ekki sé boðið upp á að velja legstað.

Þorgrímur G. Jørgensson Reykjavík. Þegar hann var staddur á Akureyri í sumar og heimsótti Lögmannshlíðarkirkjugarð og Kirkjugarðinn á Naustahöfða fannst honum garðarnir vel hirtir og falletgir. Fannst þeir bera þess merki að starfsmenn væru með eigendahugsun í umhirðu garðanna og óskaði þeim merki til hamingju með góða umhirðu.

Smári Sigurðsson Akureyri. Þakkaði Þorgrími fyrir og sagði að þegar harðnaði á dalnum í fjármálum var ákveðið að halda starfsfólki og gefa ekki eftir umhirðu en viðhald tækja og húsa var látið bíða í staðinn og eru þau farin að láta á sjá núna.

Þórsteinn Ragnarsson Reykjavík. Kirkjugarðaráð heimsótti kirkjugarða á norðurlandi í sumar fannst honum með með ólíkindum hvað vel var gert í umhirðu víða miðað við fjármagn garðanna.

**Fundarstjóri lagði fram dagskrárbreytingu að liður 9 og 11 verði teknir fyrir á fundinum á undan matarhléi og liður 10 eftir matarhlé. Tillagan var samþykkt samhljóða.**

## **9. Nokkur hagnýt ráð frá garðyrkjudeild KGRP. Kristján Linnet garðyrkjuverkstjóri fær frjálshendur.**

Kristján ræddi um kirkjugarð framtíðarinnar og hugmyndir sem eru í umræðunni bæði innan og utanlands. Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastdæma þurfa að hirða um 90 hektara með of fáum starfsmönnum sem komast ekki yfir alla garðanna og í Fossvogskirkjugarði er gróðurinn að taka yfir elsta hluta garðsins sem er ekki gott því í elsta hlutanum er enn verið að grafa duftker. Hanna þarf framtíðargarða með sem minnstum tilkostnaði og að umhirða verði auðveld. Kristján fór yfir ýmsar útfærslur að kirkjugörðum erlendis þar sem umhirðuþörf er í lágmarki. Mikilvæg að huga nýjum

útfærslum á gördum hérlendis þar sem umhirðan er í lágmarki.

### 11. Önnur mál.

A. Fundarstjóri lagði fram tillögu að stjórnarmönnum í norrænu kirkjugarðasambandi, NFKK, Guðmundur Rafn Sigurðsson aðalmaður og Smári Sigurðsson varamaður, aðrar tillögur bárust ekki og voru þeir samþykktir samhljóða.

B. Þórgímur G. Jörgensson Reykjavík sagði að það ætti að vera flutningsstyrkur til þeirra sem velja bálför og búa norðan Holtavörðuheidar og austan Markafljóts. Lagði til að veitt verði verðlaun fyrir best hirta kirkjugarðinn og nýjung í starfi. Fundarstjóri vísaði hugmyndunum til stjórnar KGSÍ.

C. Þórsteinn Ragnarsson Reykjavík sagði að stjórn KGSÍ hefði á fyrstu árum sambandsins rætt um flutningsstyrki vegna bálfarar en ekki hafi verið fundin leið til fjármögnunar og skoða þarf málið.

D. Smári Sigurðsson Akureyri sagði að margt í erindi Kristjáns væri í hugmyndafræði Kirkjugarða Akureyrar um ný grafarsvæði. Hann ræddi um verkefnið *Tré lífsins* sem óskað hefur eftir svæði fyrir skógargrafarsvæði við öll sveitarfélögum landsins. Það vantaði að ræða hver ætti að hirða svæði Trés lífsins. Mikilvægt að koma á flutningsstyrkjum fyrir bálfarir, en hvar á að taka þá peninga og er ekki viss að allir sem búa lengst frá bálstofunni velji bálför.

E. Reynir Sveinsson Sandgerði sagði frá jólalýsingu í Hvalsneskirkjugarði og óhappi sem varð vegna raflagnar jólaljósanna. Spurði hvort aðrir garðar hafi lent í vandræðum vegna óhappa í kirkjugörðum og hvort kirkjugarðar væru með einhverjar tryggingar?

F. Bogi Benediktsson Mosfellsbæ sagði frá tískustraumum í útliti legsteina og spurði hvort kirkjugarðar hefðu sett hömlur á útfærslu á minningarmörkum? Spurði einnig, eru kirkjugarðar að flokka rusl í gördum? Skoraði á kirkjugarða að hvetja til notkunar á lífrænum jólagreinum í stað plastgreina.

**Matarhlé var gert frá kl. 12:10– 13:30.**

### 11. Önnur mál

H. Smári Sigurðsson Akureyri svaraði spurningum Boga og sagði að best sé að setja reglugerð um stærð og útlit minningarmarka í garðinum, það er mikilvægt til að auðvelda umhirðu í garðinum. Í kirkjugörðum Akureyrar eru fjórar gerðir af söfnunarilátum fyrir sorpflokkun. Smári er sammála Boga að gott væri að losna við plastgreinar og hvatti til þess garðar tækju sig saman að hvetja til aðila að nota ekki plast í greinar og skraut.

I. Kristján Karl Linnet Reykjavík sagði frá sorphirðu í kirkjugörðum Reykjavíkur en þar hefði sorpflokkun hefði gengið illa þar sem mikil vinna fer í flokkun og fólk blandaði saman rusli. Sagði að það væri spurning hvort banna ætti alfarið plast greinar og plast skraut í kirkjugörðum.

### 10. Karl Á. Sigurgeirsson fréttaritari segir frá héraðinu og fólkinu sem þar býr

Karl sagði frá sveitarfélaginu Húnþing vestara sem sameinaðist fyrir nokkur árum úr 7 hreppum, mannlífi, sögu og atvinnuháttum sem er 1200 manna samfélag.

Fundarstjóri þakkaði Karli fyrir erindið,

Fundarstjóri þakkaði síðan fyrir samstarfið á fundinum og góða fundarsetu.

Þórsteinn Ragnarson formaður KGSÍ flutti lokaorð og þakkaði fundargestum fyrir góðan fund, embættismönnum fundarins fyrir þeirra framlag og sleit fundi klukkan 14:10

Fundargerð ritaði: Hermann Björn Erlingsson, ritari stjórnar Kirkjugarðs Hafnarfjarðar.